

Nd.

58. Frumvarp til laga

[54. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins. nr. 30 12. maí 1970.

Flm.: Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

Á eftir 3. mgr. 11. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðuneytinu er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum um endurgreiðslu sparifjár sé aðili að hefja nám eða færi fullnægjandi sönnur á að endurgreiðslu sé þörf af félagslegum ástæðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skv. lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 30 1970, eru endurgreiðslur á skyldusparnaði stranglega bundnar í lögum án þess að nokkur heimild sé til undanþágu. Liggur þó í augum uppi að hagir manna geta breyst svo á 10 árum að endurgreiðsla sé réttlát og þörf án þess að hún brjóti gegn anda laganna. Svo er t. d. um ungt fólk sem er að brjótast í því að hefja nám eftir nokkurra ára samfelld starf. Skv. núgildandi lögum er skólafólk, sem stundar nám í skóla 6 mánuði eða meira á ári, undanþegið skyldusparnaði. Hafi námsmaður hins vegar notað sér rétt til skyldusparnaðar, t. d. af sumarkaupi sínu, hefur hann getað fengið þá upphæð endurgreidda, hafi hann fært sönnur á að hann hafi stundað nám minnst 6 mánuði á árinu og hyggest stunda nám áfram.

Námsmaður, sem er að hefja nám eftir nokkurra ára þátttöku í atvinnulífinu, getur ekki fullnægt skilyrðinu um 6 mánaða skólanám á undangengnu ári og á því ekki rétt til endurgreiðslu sparifjár síns. Gæti sú upphæð þó ráðið úrslitum um hvort honum tekst að kljúfa byrjunarörðugleika við upphaf skólagöngu. Virðist flm. sanngjarn að réttur þessa fólks sé ekki rýrari en þeirra sem eiga samfellda skólagöngu að baki og beri því að veita heimild til undanþágu á endurgreiðslu í slíkum tilvikum.

Aðrar ástæður til undanþágu á endurgreiðslu geta einnig verið réttlætanager, svo sem heimilisstofnun, vegna barna á framfæri eða aldraðra foreldra svo og óvenjuþungar fjárhagsbyrðar. Að dómi flm. mundu undanþágur af þessum ástæðum engan veginn brjóta í bága við anda laganna né ákvæði þeirra um undanþágur til skyldusparnaðar, enda er ætlast til að viðkomandi aðili færi fullnægjandi sönnur fyrir beiðni sinni.